

Norðurberg / umsagnir foreldra í foreldrakönnun vor 2013

2. a) Ef svarið er að barninu líði mjög eða frekar vel, getur þú nefnt dæmi um hvernig þú merkir það í hegðun barnsins?

- Alltaf ánægður á morgnana á leið í leikskólann
- hann er almennt glaður að fara á leikskólann og vill oft vera lengur að leika þegar hann er sóttur
- Hlakkar til að mæta og er brosandí þegar ég sæki hann
- Barnið er yfirleitt spennt fyrir því að mæta í leikskólann og talar allajafna jákvætt um hann.
- Barnið fer ánægt í leikskólann og ánægt heim.
- Barnið er ávallt tilbúið að fara í leikskólann og lýsir ánægju sinni með daginn þegar við ræðum við hana um hvernig dagurinn hefur verið.
- glaður og vill fara í leikskólann
- öruggur í umhverfinu, treystir á kennarana. Í góðu skapi/jafnvægi þegar dagurinn er búin og vill fara í skólann á morgnana, í grunnatriðum. Svo bara lærir mikið og finnst það gefandi.
- Barnið er brosandí þegar við komum að sækja það og er augljóslega ánægt þegar við tölum um skólann.
- Alltaf glaður að koma í leikskólann og fara heim líka.
- Alltaf ánægður að fara á morgnana og talar um leikskólann sinn og verkefnið sem er verið að vinna að.
- Segir frá skemmtilegri upplifun liðins dags og eða daga
- Hún er alltaf til í að fara á leikskólann. Mætir glöð og kát á deildina og hleypur til starfsmannanna og kveður okkur foreldrana með bros á vör.
- Er ánægð en er ekki nógu örugg þegar komið er á leikskólann. Starfsfólk mætti vera duglegra að taka á móti barninu þegar það kemur í leikskólann.
- er alltaf ánægð að fara í leikskólann
- Alltaf glatt að fara í leikskólann og að koma heim. Á vini í leikskólanum
- Hún er eins og heima hjá sér. reyndar getur verið erfitt að fá hana til að fara í leikskólann en þegar hún er komin þangað gengur henni vel.
- Vill fara í leikskólann og er ánægt að hitta starfsfólk og börn.
- Hún er spennt að fara á leikskólann, talar vel um leikskólakennarana sína, knúsar þær þegar hún sér þær og talar um þær um helgar. Talar um vinkonur sínar og er alltaf spennt að segja mér frá því sem þau gerðu í leikskólanum yfir daginn.
- Hún talar jákvætt um leikskólann og leikskólakennarana, eina ástæðan fyrir að ég merki ekki við "Mjög vel" er að hún er oft ósátt við að fara í leikskólann á morgnana en er svo víst orðin sátt um leið og foreldrarnir eru komnir handan við hornið.
- fer nánast alltaf glaður í leikskólann, myndi helst vilja vera lengur
- Alltaf ánægður þegar við forum. Og finnst gaman í leikskólanum.
- Alltaf áhugasamt um að mæta í leikskólann. Eftir helgar er tilhlökkun að mæta aftur. Talar um daginn og hvað var gert.

- Talar jákvætt um leikskólann og starfsfólkið
- Rólegur og kátur þegar hann kemur heim.
- Þegar komið er með barnið á leikskólann er hún mjög spennt að fara inn og það er tekið vel á móti henni.
- Barnið er almennt viljugt til að fara í leikskólann og hlakkar til að taka þátt í daglegu starfi þar.
- Alltaf ánægð þegar hún kemur heim og vill alltaf fara í leikskólann. Talar jákvætt um veruna.

- Vill alltaf fara á leikskólann, aldrei vesen, alltaf glöð og jákvæð
 - Spennt að fara á leikskólann. Ánægð að loknum leikskóladegi. Á aldrei erfitt með að kveðja foreldra og hlaupa til fóstranna.
 - Yfirleitt alltaf sáttur að fara í leikskólann á morgnana og er ánægður þegar ég sækji hann og talar líka oft um leikskólann og hvað það er gaman þar.
 - er alltaf svo glöð að koma
 - Alltaf til í að fara, ekkert vesen á morgnana.
 - Augljóst að þeim líði vel þau eru glöð og kát.
 - Yfirleitt ánægð að fara á leikskólann og einnig þegar heim er komið.
 - Barninu finnst alltaf gaman að fara í leikskólann og er alltaf glöð þegar ég sækji það.
 - Alltaf ánægt og glatt eftir daginn.
 - Drengurinn á stundum erfitt með að mæta á leikskólann en um leið og hann mætir þá líður honum vel og talar ofsalega vel um leikskólann.
 - Er alltaf glöð að fara í leikskólann, og einnig þegar hún er sótt
 - She like play with kids and she like listen story .
 - Hann er mikill dundari, yfirleitt þegar hann er sóttur þá situr hann og dundar sér við eitthvað dót rólegur. Gerir það ekki ef honum líður ekki vel.
 - Hún vill alltaf fara í leikskólann og er alltaf í brjáluðum leik og er glöð þegar ég kem og sækji hana. Hún talar líka mikið um leikskólann.
 - Kemur ánægður heim og er mjög glaður að fara í leikskólann
 - Hún fer mjög vel eftir því sem fóstrurnar segja svona yfirleitt svo er hún bara mjög yfirveguð og góð.
 - Hann er alltaf tilbúinn að mæta í leikskólann á morgnanna og ánægður eftir daginn þegar hann er sóttur. Talar mikið um hvað er um að vera á leikskólanum og hvað sé á döfinni.
 - Most of the mornings he likes to go there, sometimes he even asks on saturday or sunday if we will go in kindergarten.
 - Hlakkar til er vinsæll meðal krakkana
 - Finnst hann glaður þegar ég kem að sækja hann og öruggur. Hann talar yfirleitt bara um jákvæða atburði í leikskólanum ...
 - Barnið er ánægt þegar það kemur heim og talar vel um leikskólann. Því hlakkar til að fara í leikskólann eftir frí.
 - Er alltaf ánægð að fara á leikskólann enda starfsfólkið yndislegt. Barnið grætur aldrei þegar það fer á leikskólann og þegar leikskólinn er nefndur heima fyrir brosir barnið alltaf og segir að það sé gaman á leikskólanum.
 - Hann er ánægður þegar hann kemur heim
 - Talar mikið um hvað er gaman alla daga.
-
- Gott starfsfólk sem lætur barninu líða vel og öruggt. Einnig engin skipti á starfsfólki á deildinni.
 - Er alltaf sátt að fara þangað, vill rifja upp daginn og jákvæð að skoða myndir á síðunni.
 - Vill alltaf fara í skólann, talar um skólann þegar heim er komið, finnst maturinn góður.
 - talar jákvætt um leikskólann, starfsfólk, vini og það sem þau gerðu yfir daginn.
 - Oftast kát þegar hún kemur heim
 - Glöð og ánægð eftir hvern dag,æst í segja hvað hún hafi lært og gert eftir daginn:)
 - Honum hlakkar alltaf til að fara í leikskólann og er glaður og ánægður þegar hann kemur heim :)

2. b) Ef barninu líður frekar eða mjög illa, hvað er það helsta sem starfsmenn leikskólans geta gert til þess að bæta líðan þess?

- saknar vina frá fyrri deild í leikskólanum, eftir flutning í eldri deild

3. a) Ef aðlögun barnsins gekk mjög eða frekar vel, getur þú nefnt dæmi um það sem þú varst ánægð(ur) með í aðlöguninni?

- Skipulag
- aðlöguninni var gefinn nægur tími
- Hann var fljótur að finna til öryggis
- Flott að fá að vera með í starfinu fyrst um sinn, frábært starfsfólk sem gaf sér tíma í að leyfa barninu að ná áttum út frá þörfum barnsins
- Aðlögunin gekk mjög vel og var tekið mikið tillit til þess að ég, þ.e. foreldrið þurfti mun meiri aðlögun en barnið og var mér mikið meira en velkomið að dvelja lengur en nauðsynlegt taldist og fylgjast með starfi leikskólans. Að sama skapi öðlaðist ég traust á leikskólanum og starfi hans sem hefur gert bæði mér og barni mínu mjög gott.
- Barnið var á öðrum leikskóla áður, þannig að aðlögunin var mjög auðveld sökum þess. Hún var ánægð með nýja skólann.
- Hlúð vel að barninu.
- Móttökur hjá leikskólakennurum
- Mjög gott starfsfólk
- Frábært starfsfólk sem sinnti barninu mínu af heilum hug.
- vel tekið á móti okkur
- Tekið vel á móti barninu og greinilegur metnaður og fagmennska á leikskólanum
- Ég var ánægð með hversu vel aðlögunin var skipulögð. Barninu leið vel strax frá upphafi og var strax tekið undir verndarvæng starfsmanna. Ég átti þá auðveldara með að skilja við barnið og barnið við mig.
- Gott skipulag á aðlöguninni. Reynt að fá börnin til að vera sjálfstæð og ekki alveg eins upp á foreldrana komin. Einnig að geta leitað til starfsmanna í stað foreldra þó foreldrar séu á staðnum. Gott að sjá börnin sem verða með barninu mínu á deildinni og kynnast starfsmönnum betur.
- Þátttöku aðlögunin er mjög sniðug, gefur barninu og foreldrinu tækifæri á að aðlagast nýju umhverfi áður en barnið þarf að vera án foreldrisins.
- Ég var mjög ánægð með aðlögunina yfir höfuð, hún var sniðin eftir barninu, ef vel gekk þá var hraðað á ferlinu, ef illa gekk þá var staðan endurmetin. Allir starfsmennirnir á deildinni voru mjög faglegir þegar kom að aðlöguninni þrátt fyrir mis mikla menntun og mis mikla starfsreynslu og var mjög gaman að sjá hvað ríkti mikil samstaða á milli starfsmanna og greinilega gott skipulag á aðlöguninni og allir vel undirbúnir undir að fá nýtt barn á deildina. Farið var eftir þörfum barnsins, hlúð að henni þar sem hún var yngst á deildinni á þessum tíma og því sýnt skilning að hún væri ekki jafn klár í rútínunni eins og eldri börnin. Var mjög ánægð með allt sem snéri að aðlöguninni.
- Mér fannst hópaðlögunin mjög góð og þá gátu foreldrar fengið innsýn í starfið og eins kynnst leikskólakennurunum betur. Stelpan mín var fljót að aðlagast og þá fékk ég að fara fyrir frá til að athuga hvernig hún myndi spjara sig án mín en önnur börn sem voru lengur að aðlagast fengu þá lengri tíma með foreldrum til að öðlast aukið öryggi.
- vel tekið á móti, ákveðinn starfsmaður var tengill við hann og jákvætt andrúmsloft
- Vel tekið á móti okkur, og brosandí og skemmtilegt starfsfólk.
- Hvernig aðlögunin var gerð í þrepum
- Foreldrar fá að vera með í aðlöguninni, tel það auka á öryggi barnsins. Starfsfólk leggur sig mikið fram við að láta barninu líða vel frá fyrsta degi.
- Barnið var fljótt ánægt að vera í kringum önnur börn
- Barnið var strax ánægt og glatt þegar leikskóladvöl hófst.

- Hann var orðinn 18 mánaða og fannst spennandi að byrja í leikskóla, það var bara ekkert mál fyrir hann. En svo var að byrjaður að fatta að hann saknaði foreldra sinna þá kom smá grátur í morgunsárið en svo búið. Kennararnir voru mjög duglegir að láta aðlögunina ganga vel fram fyrir sig.
- Viðvera foreldra skipti höfuðmáli - var ekki hlynnt "foreldraaðlögun" til að byrja með en myndi nú ekki kjósa annað form við aðlögun.
- Okkur var tekið opnum örmum og óskir okkar virtar. Vel er hugað að þörfum barnsins og aðlögunin er sniðin að barninu.
- Að vera með barninu í aðlöguninni gerði að mínu mati öllum gott.
- að vera með allan aðlögunar tíma var að gera okkur mæðgum gott
- Þetta gekk allt saman bara mjög vel, vel tekið á móti okkur og allt mjög skipulagt og gott.
- Mjög gott að hafa einn ábyrgan fyrri aðlögun, reyndar eru þær á Birkiból einstakar og með svo einlægum áhuga.
- Þótti þátttökuaðlögunin koma mjög vel út. Hef farið í gegnum annarskonar aðlögun sem mér þótti ekki eins árangursrík hvað vellíðan barnsins varðar. Að auki fannst mér þetta fyrirkomulag einnig henta mér sem foreldri mjög vel og er ég öruggari og meira inn í þvæi sem fram fer innan veggja deildarinnar.
- Var fljótur að þurfa ekki á henni að halda.
- viðmót starfsfólk og prógrammið fyrir aðlögun og starfsfólk var sveigjanlegt að aðlaga eftir barninu þörfum þess og óskum foreldra líka
- Vorum virkilega ánægð með aðlögunina!
- Viðveruaðlögun gaf mér tækifæri á að átta mig á starfsemi deildarinnar sem hún byrjaði á, fékk svo góða kynningu á starfi nýju deildarinnar eftir að hún fluttist þangað
- Aðlögunin gekk vel og var góð kynning á öllu alveg til fyrirmyndar :)
- Bara allt, mjög góð samskipti.
- Mjög fínar og liprar konur sem tóku á móti honum
- Á heildina litið bara mjög ánægður með fósturarnar og hvernig þær tækluðu þetta buðu okkur í viðtal og skýrðu frá bara mjög sáttur.
- Nægur tími í aðlögun, bæði fyrir foreldra og barn. Foreldrunum gafst tækifæri á að koma og vera með í leikskólastarfinu og kynnast starfsfólkinu.
- Móttökur á morgnana hjá Birkibóli var mjög góð þar sem dóttir mín átti erfitt að skilja við mig.
- Reyndar eru sirka 3 ár síðan en það gekk framur vonum :)
- Júlíanna var frábær hann talar ennþá um hana.
- Ánægð með aðstöðuna fyrir litlu krílin en hann byrjaði aðeins 1 árs á Birkibóli og mér finnst deildin mjög heimilisleg og eins garðurinn lítill og vinalegur. Fósturarnar knúsa líka börnin flestar og minn þurfti það og ég var ánægð að sjá það, mér leið vel að skilja hann eftir í þessu umhverfi.
- Fá að vera með barninu í 3 daga í aðlögun kom mjög vel út, Barnið fékk að aðlagast á sínum hraða og foreldrar kynntust starfinu og starfsfólki vel.
- Hann var með frumgreiningu á einhverfu og starfsfólkið tók honum mjög vel og vildi allt fyrir hann gera
- allt saman
- Þær voru hjálpsamar
- Gekk mjög vel. Vel skipulagt.
- Rólegt andrúmsloft kemur fyrst í hugann.
- Það er langt síðan, man bara að það gekk mjög vel.
- Almennt ánægð
- Yndislegir kennarar sem tóku vel á móti henni og sýndu henni traust og öryggi
- Mikil þátttaka foreldra á fyrstu dögum gerðu það að verkum að barnið öðlaðist öryggi á hinum nýja stað þar sem staðurinn var búinn að hljóta viðurkenningu foreldranna.
- Hvað aðlögunin gekk fljótt og vel fyrir sig.
- Ég fékk að vera með og kynnast þannig starfsfólkinu á deildinni

3. b) Ef aðlögun gekk mjög eða frekar illa, hvað er það helsta sem starfsmenn leikskólans þurfa að gera til þess að aðlögun gangi betur þegar lítið er fram á veginn?

- Þetta var ófyrirsjáanlegt því hann var með ógreint þroskafrávik þá. Starfsfólkið var frábært.
- Aðlögunin gekk hægt kannski af því hún veiktist aðra vikuna í leikskólanum. Það um að fá að mæta aftur með henni eftir veikindin og gera aðlögunina aðeins lengri og eftir þrjá daga í viðbót var barnið orðið alveg sátt við að vera skilið eftir á leikskólanum
- Hefði viljað meiri þátttöku í aðlögun fannst svolítið stuttur tími með foreldrum og jafnvel líka meiri möguleiki á að fylgjast með úr fjarlægð. Það má hugsa þetta líka sem aðlögun fyrir foreldrana :) Held að það hafi samt breyst og foreldrar taki einmitt meiri þátt í aðlögun núna.
- Er svo langt síðan en viðmót starfsfólks Klettaborgar er það sem stóð upp úr

4. a) Ef starfsmenn standa mjög eða frekar vel undir væntingum þínum varðandi daglega ummönnum, getur þú nefnt dæmi sem þú ert ánægð(ur) með?

- Þétt dagskrá, lítill starfsmannavelta, alltaf brosandi
- virðast sinna einstaklingsbundnum þörfum barna vel
- Hann er svo mikill rútínukall og þær voru fljótar að grípa það og koma honum í góða rútínu, finnst þörfum hans vel sinnt
- Mikill söngur, lestur, góður agi, gott starfsfólk
- Dóttir mín er með mjög mikinn astma og viðkvæm fyrir miklum kulda og fær bronkítis og lungnabólgu mjög fljótt ef kalt er í veðri. Hún þarf því mikið að vera inni á veturna og er tekið fullt tillit til þess. Að sama skapi þarf hún að fá þúst tvisvar á dag sem starfsmenn leikskólans sjá fúslega um að gefa henni.
- Hafa greinilegan áhuga á starfinu, og það er gott andrumsloft. Þegar sonur minn var að bíða eftir formlega greiningu með einhverfu, fóru þau af stað á deildinni hans- veittu honum sérstakri aðstoð og skilning, og jafnvel þjálfun. Margir fóru á námskeið á vegum greiningarmiðstöðvarinnar í kjölfars greiningu og þeim fannst það greinilega mjög áhugavert og drífandi- sáu þetta sem áskorun og ekki vesen. Fengum frábæran þroskaþjálfu líka.
- Hvetja hann og passa vel upp á hann
- Nokkrir starfsmenn setja mikinn metnað sinn í starfið sem skilar sér greinilega í upplifun og lærdóm barnsins
- Þær leggja sig allar fram við að vera í sambandi við foreldrana. Geta allar veit upplýsingar um líðan barnsins þann daginn. Það sést á þeim hve vænt þeim þykir um börnin og augljóst að þær hugsa vel um þau.
- hlýleg framkoma,taka vel á móti börnunum á morgnana og gott upplýsinga flæði á milli foreldra og barna
- Starfsmenn eru svolítið í eigin heimi þegar komið er með barnið í vistun og þegar það er sótt. Ekki er komið til manns að fyrra bragði og talað um hvernig gekk þann daginn. Þó erum við ánægð með starfsmennina en þetta er það eina sem okkur finnst að mætti bæta.
- Þær eru alltaf boðnar og búnar til að hjálpa til við það sem miður gengur og reynt er í sameiningu að leysa málin.
- Barnið skortir aldrei neitt, hún fær athygli, hún kemst ekki upp með frekju, vel staðið að því þegar hún mætti bleyjulasa í leikskólann. Starfsmenn alltaf glaðir svo ég sjái til og barnið talar aldrei illa um starfsmann á deildinni. Maturinn er til fyrirmyndar og öll starfsemi leikskólans einnig.
- Þær taka vel á móti barninu á morgnana og kveðja seinnipartinn. Þær eru alltaf mjög liðlegar og tilbúnar að veita ráð, svara spurningum osfrv. Mig langar að nota tækifærið og hrósa Júlíönu

sérstaklega fyrir hennar störf, alltaf eins og hún eigi hvert bein í börnunum en heldur engu að síður uppi góðum aga á jákvæðan hátt.

- Taka vel á móti, hrósa honum
 - Fær upplýsingar, hvernig dagurinn var hjá barninu. Og vel tekið á móti öllum, gott viðhorf.
 - Starfsmenn tala yfirleitt fallega við börnin og maður finnur gagnkvæma væntumþykju frá barninu og starfsmönnum.
-
- Taka á móti og kveðja vel. Beita jákvæðum aga.
 - Leikur og agi. Barnið hefur þroskast mjög mikið síðan það byrjaði á leikskólanum.
 - Já , grunur lék á því að barnið mitt væri með mjólkuróþol og það var tekið á því sameiningu.
 - Fjölbreytt starf, t.d. allt sem viðkemur Grænfánafræðslu
 - Já sérstaklega ein til tveir kennarar á hans deild eru við mjög ánægð með. Þær segja alltaf hæ við strákinn minn fyrst þegar hann kemur og alltaf bæ
Ef það er eitthvað vandamál þá kemur hún og segir okkur. Okkur þykir mjög vænt allavega um ein starfsmann þarna.
 - Stelpan mín er södd og sæl eftir daginn, hrein og hefur frá mörgu að segja varðandi daglegt starf.
 - Tekið vel á móti barninu að morgni þannig að henni finnst hún velkomin. Mikil væntumþykja í garð barnsins.
 - Taka yfirleitt vel á móti honum og sýna honum að hann skiptir máli
 - Ég er bara ánægð með allt og þær standa sig bara alveg yndislega með allt.
 - Allir svo hressir og skemmtilegir. Treysti þeim öllum 100%
 - Láta sér annt um börnin
 - Ég er sátt en sakna þess stundum að það sé stutt spjall hvernig dagurinn hafi verið.
 - Erfitt að segja þar sem ég er ekki á staðnum yfir daginn en verð ekki var við nema góðar viðtökur og stráknunum líður vel.
 - Hlusta mjög vel á okkur foreldra og taka vel í spurningar okkar. Starfsmenn erru alltaf brosandi glaðir þegar við mætum á morgnanna og þegar við kveðjum eftir daginn.
 - Alltaf vel tekið á móti manni þegar maður kemur, barninu heilsað með nafni og maður fær alltaf að vita ef eitthvað er að
 - We are happy kindergarten staff.
 - taka hann í fangið á sér þegar við mætum með hann ekki alveg sáttan.
 - Hún er alltaf hrein og fín þegar ég næ í hana, alltaf með hreint á bossanum og líður bara mjög vel.
 - Eins og ég sagði áðan er ég mjög sáttur við staffið mjög gott andrúmsloft og alltaf gaman að koma á morgnana.
 - Sinna börnunum mjög vel, hlusta á þarfir þess og skoðanir og taka vel á agavandamálum.
 - Mjög ánægð með viðmótið sem börnin fá.
 - er með tvíbura annar einhverfur allt gott nema þegar er verið að stríða þessum einhverfa t.d. fyrir að vera með bleyju þá er ekki stigið nógu vel inn í.
 - Flestir starfsmenn eru mjög faglegir. Ég get hrósað bæði Lóu og Júlíönnu
 - Mér finnst ég aðeins sjá manneskjur þarna sem vilja virkilega annast börn og lifa fyrir það. Það er það sem ég er ánægðust með, mórallinn góður og réttur andi á staðnum.
 - Ánægð með allt sem þau gera nema mættu taka betur á móti barninu á morgnanna.
 - Fær alltaf góðar mótökur þegar það mætir á leikskólann. Barnið er ekki með matarleifar á sér þegar það er sótt alltaf hrein og fín. Passað að barnið fái hreina bleyju. Láta vita ef eitthvað er að hjá barninu.
- Vilja allt fyrir hann gera.
- Gott skipulag

- Taka vel á móti barninu og byrja á að veita því hlýju. Virðast taka eftir frávikum frá degi til dags svo það er greinilega vel fylgst með.
- barnið er alltaf hreint þegar það fer heim og í þurrum fötum.
- Flestu starfsfólki er augljóslega umhugað um velferð barnanna.
- Taka ágætlega í athugasemdir og finna leiðir til að koma til móts við okkur foreldrana og þarfir barnsins
- Mér finnst frábært að það er ekki mikil starfsmannavelta og þeim er annt um börnin

4. b) Ef starfsmenn leikskólans standa mjög eða frekar illa undir væntingum þínum varðandi daglega ummönnun barnsins, hvað er það helsta sem þeir þurfa að bæta?

- Kannski að vera virkari úti, oft þegar ég kem snemma eru þær bara þarna, þær leika voða lítið við börnin eða finna lítið fyrir þá sem eru ekki að leika sér. Ef strákurinn minn kemur súr heim þá er það af því það vildi enginn leika við hann úti.
- Stundum tínast fót!
- Starfsfólk (Lundar) býður ekki góðan daginn, finnst oft að þær taki varla eftir að barnið er komið eða foreldra, er svolítið sinnulaust og þurrt viðmót, vantar hlýleika
- Mér finnst Anna Borg mjög hrokafull og leiðinleg, hálf gert djók af leikskóla stjóra að vera.

5. a) Ef þú telur að viðfangsefnin sem barninu standa til boða uppfylli að litlu eða engu leyti námsþörf barnsins, hvaða viðfangsefni telur þú að uppfylli námsþarfir barnsins öðru fremur?

- gaman að sjá að haldið sé upp á menningartengda atburði t.d. dag íslenskrar tungu o.s.frv. einnig myndlistavika og þess háttar slegið í gegn.
Það er gaman að sjá að starfsmenn fái að njóta sín í gegnum þessa daga og virkja hæfileika sína með börnunum.
mætti kannski vera meira um tjáningu? t.d. setja upp leikrit eða hafa kór?
annars veit ég lítið um það.
- Mætti vera líka stundum hreyfing í íþróttasal
- Þegar strákurinn minn var í leikskóla í Grindavík var hann að læra táknmál, eitt erlend orð á dag, krakkar eru svo fljót að læra. í Leikskólanum sem hann er núna er ekkert slíkt gert, mér finnst það synd
- Er ánægð með að verið er að kenna þeim að skapa með efni úr náttúrunni. Það er leikskólanum að þakka að barnið mitt læri gamla góða siði, í kringum jól (SKATA) Þorrann, bolludag, sprengidag og lengi mætti telja.
- We want to learn more Icelandic language for our child.
- söngur og útivera.
- Ég get svo sem ekki tekið eitthvað eitt en ég tel bara að það sem þau eru að gera komi sér bara mjög vel sérstaklega þar sem hún byrjar í skóla næsta vetur.

6. a) Ef þú telur námsumhverfið hvetjandi og aðlaðandi, getur þú nefnt dæmi sem styður skoðun þína?

- Opið rými og ferðir í hraunið
- náttúrulegt umhverfi, laust við leiktæki að mestu, hvetur ímyndunarleiki og ýtir undir þroska. Húsnæðið er ekki of stórt sem er gott fyrir lítil stýri. myndir og vísur á veggjum eru hvetjandi fyrir málþroska
- umhverfið býður uppá fjölbreytileika
- Hvað varðar húsnæði leikskólans þá tel ég það að mestu leyti uppfylla námsþarfir barnsins míns.
- Vinnan með endurvinnslu og svanga manga er greinilega mjög skemmtileg. Krakkarnir taka þátt í að gróðursetja grænmeti, og þau gera allt að ævintýri, jafnvel að labba um lóðina verður að náttúruskoðun og krakkarnir fíla það. Húsið er hreint og þægilegt. Lýsingin er góð en ekki of sterk of

Þetta er náttúrulegt og rólegt umhverfi. Vel skipulagt og maður sér hvaða áhrif það hefur á börnin og líka starfsfólkið- mér sýnist þau vera mjög ánægð að vinna á Norðurbergi- og þau nái að halda vel menntuðum og reynslumiklum kennurum þar í mörg ár.

- Náttúruskoðanirnar og útikennslan.
- Hraunið og aðstaðan úti við Lund
- Góð blanda af náttúrulegu umhverfi og leiktækjum
- Umhverfið er fallett og leiksvæðið skemmtilegt.
- gott framboð af leikföngum, bókum og öðru skemmtilegu, mætti vera fleiri rólur á leikvellinum
- Ferðirnar í hraunið eru í miklu uppáhaldi hjá barninu. einnig er alltaf einhver saga sem kemur heim á hverjum degi um leikinn út sem gaman er að heyra:)
- það er mjög litríkt og skemmtilegt umhverfi. Margt hægt að gera og ekki skemmir fyrir hversu hugmyndaríkir starfsmennirnir eru.
útiaðstaða er til fyrirmyndar
- sambland af náttúrunni og leiktækjum. hraunið er ákveðin áskorun fyrir börnin
- heimilislegt innandyra en ekki stofnanalegt. og náttúrulegur leikvöllur sem gerir kröfur um ímyndunarafl.
- leikvöllurinn er sérstaklega spennandi, allt umhverfið á lóðinni, sem starfið er svo mikið byggt á. öll náttúran og hvað börnunum er gert auðvelt fyrir að nýta sér ímyndunaraflið í leik og starfi. Einnig er deildin mjög þægileg og hlýleg.
- Ég tel að hraunumhverfið sé hvetjandi fyrir börnin sem og trjábolirnir ofl. sem þau eru að dunda sér með. Ennfremur er mjög hvetjandi sú umhverfisvæna stefna sem er í gangi.
- skemmtilegt umhverfi, ýtir undir sköpunargáfu
- Náttúruvænt, ekta svona íslensk náttúra ;)
Flottur leikvöllur.
- Frábær skólalóð sem býður upp á ýmsa fræðslu um náttúru og umhverfi. Vel nýtt í náttúruskoðun og ræktun o.þ.h. Ímyndunaraflið er virkjað með drumbum og öðru skemmtilegu inni og úti án þess að fara út í öfgar í þá áttina.
- Af náttúrunnar hendi mjög spennandi leikvöllur. Húsrými vel hólfað niður.
- Veggspjöld, bækur, púsl, perlur, föndur.
- Mér þykir leikvöllurinn frábær , ekki of mikið af dóti svo börnin þurfa að finna það soldið sjálf hvernig þau leika sér.
Einnig finnst mér leikskólinn sjálfur mjög heillandi að utan sem að innan. og frábært með græna fánan
- Fjölbreytt umhverfi
- Lítið svæði, mörg börn í einu litlu herbergi, það verður læti.
Það þurfti eiginlega að vera stór matsalur að mínu mati.
- útivist-þau þurfa að nota hugmyndaflugið.
- Nægt rými til að leika sér úti og inni, tæki/sandur fyrir þau sem vilja en mikið lagt upp úr umhverfinu og leik með það sem fellur til hverju sinni. Að skola fernur er alveg ótrúlega skemmtilegt :)
- Útileiksvæðið er í nánd við náttúruna. Börnunum er kennt að nýta hlutina og flokka rusl og huga að umhverfinu.
- það er bara allt til fyrirmyndar
- það er bara allt til fyrir myndar
- Norðurberg ber af í kósý og krúttheitum svo notalegt að koma jólaseríur, kertaljós og luktir taka á móti manni á köldum og myrkrum morgnum. Allt umhverfi innanhúss er skreytt af alúð.
- Umhverfið frábært og eykur og ýtir undir alla hreyfifærni.
- Náttúrulegt og hvetur til að bera virðingu fyrir umhverfinu. Einnig góð og örugg leiktæki.

- Lóðin og útileikir finnast barninu skemmtilegir eins og málun, föndur og kubbaleikhornið, færanlega kennslustofan er gerð eins heimilisleg og hægt er, en samt finnast mér viðmót starfsfólks skipta meira máli en hvernig húsnæðið er
- Gott rími sem bíður upp á marga möguleika, gott útisvæði sem hvetur barnið til að nota ímyndunaraflíð
- Talsvert af ósnertri náttúru sem þau geta nálgast. T.d klettar, okkar kappi hefur gaman af því að klifra. Húsnæði og deildir þó frekar lítið/litlar.
- Hraunið er alveg æðislegt.
- Hún hefur bara mikinn áhuga á tölum og öðru slíku sem þær eru að gera bara mjög hvetjandi efni finnast gaman að leggja saman og spyr að hinu og þessu sem að þau gera.
- Náttúran og hraunið í garðinum og nánasta umhverfi er frábært fyrir börn í leik. Þau eiga auðvelt með að detta inn í sinn ævintýraheim í þessu umhverfi. Húsnæðið er fínt. Þar er allt til stað sem þarf, bæði heimilislegt og hlýlegt.
- Úti umhverfið er til fyrirmyndar.
- mikið opið svæði og vistvænt
- Mér finnst þetta heilbriggt og fallett umhverfi, þarna í hrauninu.
- Garðurinn er eins og best verður á kosið, skemmtilegur og spennandi með hraunið allt í kring en um leið heldur hann utan um börnin.. Og engin mengun af umferðagötu við hliðina garðinum..
- Fallett umhverfi og frjálst og kósí.
- Húsnæðið er hlýlegt og leikvöllurinn er eins og ævintýragarður
- Læra mjög fljótt að varast að fara í burtu þegar þau eru úti.
- Naáttúran notuð hlutir nýttir
- sé bara miklar framfarir hjá barninu
- Mikið verið að leika sér úti í náttúrunni og með það sem finnst í náttúrunni t.d. í hrauninu og þar í kring. Stór og flott leikskólalóð.
- Útiaðstaðan frábær og krefjandi.
- leikvöllur er hvetjandi og aðlaðandi en húsnæðið kannski ekki eins aðlaðandi, upplifi leiksvæði barna innandyrna frekar þröngt og þínu lokað(ekki mjög bjart) þó svo það sé huggulegt.
- umhverfið í garðinum er skemmtilegt.
- Umhverfið býður uppá góða möguleika að læra um umhverfið og náttúruna

6. b) Ef þér finnst námsumhverfi barnsins frekar eða mjög letandi og óaðlaðandi, getur þú bent stjórnendum leikskólans á hvað megi gera betur til þess að gera umhverfið meira hvetjandi og aðlaðandi?

- Mér finnst leiksvæðið úti ekki vera nægilega örvandi það skortir t.d. alveg rólur og vegasalt og rennibrautin er þeim megin á lóðinni sem er minnst notuð. Á því svæði lóðarinnar sem rennibrautin er sem er nánast alltaf girt af, þ.e. ekki í boði fyrir börnin að leika sér á er mjög fallett umhverfi sem ég tel að börnin eigi jafnframt að fá að nýta betur.
- Börn finnst voðaskemmtilegt að leika í hrauninu, en það getur verið smá hættulegt líka. En annars er ég alveg sátt
- Tel mig ekki hæfa til að útlista því.
- Það mætti vera rennibraut fyrir yngri börn en ekki bara þessi stóra í garðinum sem eldri börnin eru í

7. a) Ef þér finnst efniviðurinn (leikföngin/ kennslugögnin) mæta námsþörfum barnsins að litlu eða að engu leyti hvaða efnivið vildir þú að barni hefði aðgang að til þess að efla nám sitt frekar í leikskólanum?

- Mætti vera örlítið betur einstaklingsmiðað út frá styrkleikum/veikleikum barnsins
- Mikið sótt úr hlutum úr náttúrunni og efnivið sem annars væri hent

- Tel efniviðinn vera fjölbreyttan og góðan, púsl, leikföng, bækur, kubbar osfrv.
- Mættu vera líka í boði fyrstu lestrarbækurnar fyrir elstu börnin, hvetur til áhuga fyrir lestri

8. a) Ef leikskólinn upplýsir þig mjög eða frekar vel um uppeldis- og menntastarfið í leikskólanum, getur þú nefnt dæmi um slíkt?

- Tilkynningar
- fengum ítarlegar upplýsingar um hegðunarmótandi áherslur, hrós og þess háttar
- Við höfum rætt talörvun og erum við í samstarfi með það
- Góð heimasíða sem er reglulega uppfærð og inniheldur allskonar fróðleik um uppeldis- og menntastarfið í leikskólanum auk ýmissa funda og fyrirlestra sem haldnir eru með reglulegu millibili
- Góð heimasíða
- Þjóða oft foreldrum í kaffi til að spjalla um skólastarfið. Fáum góðar upplýsingar um áherslur & markmið, stefnur og nýjunga. Okkur er boðið á sýningar á listaverkum og það er tafla sem hangir uppi fyrir utan hverja deild þar sem þær skrifa það sem þau gerðu á hverjum degi. Svo er líka vel haldið utan um fjölskyldusíðuna.
- Reglulegur tölvupóstur, heimasíðan er uppfærð reglulega og kennarar reyna eftir bestu getu að segja frá á því sem er að gerast.
- Anna Borg er mjög dugleg að senda pósta um starfið á leikskólanum
- Það eru góðar upplýsingar á heimasíðunni og starfsfólkið veitir góðar upplýsingar
- eru mjög duglegar að senda út tölvupósta um það sem er í gangi á leikskólanum og eins skrifað á töflur og blöð hvernig dagurinn hefur verið
- Foreldrarnir eru mjög upplýstir um umhverfisstefnuna sem er við lýði. Að nýta allt sem hægt er að nýta og leika sér með það sem fyrir augu ber (ekki endilega með dót)
- við foreldrarnir fengum mjög góða kynningu á starfinu og þeim aðferðum sem farið er eftir áður en barnið byrjaði á leikskólanum.
- reglulegir póstar um nýjungar og öflug og virk heimasíða.
- Tölvupóstur frá leikskólastjóra og deildarstjóra svo og heimasíða.
- finnst frábært hvað við fáum oft tölvupóst með það hvað er í gangi hverju sinni og einnig finnst mér frábært að geta fylgst með barninu gegnum fjölskyldu síðuna.
- T.d. með ítarlegum vikulegum tölvupóstum
- Alltaf á foreldrafundum fáum við að heyra hvað þau eru að kenna og við heyrum það líka á stráknum, kann mikið að fuglategundum og löndum.
- Er mjög duglegur að senda tölvupósta um hvað er í gangi hverju sinni og svo minna líka á að skoða tölvupóstana
- senda tölvupósta um allt sem er að gerast og eru duglegar að minna mann á að lesa póstana
- Mér finnst mjög gott upplýsingaflæði með tölvupóstum og svo á heimasíðunni
- Með auglýsingum í leikskóla, heimasíðu og á foreldrafundum.
- Er allt aðgengilegt á netinu og einnig mjög vel fylgt eftir með orðsendingu.
- Heimasían er mjög aðgengileg og efníð inná henni. Á foreldrafundum hefur starfið verið vel kynnt og einnig verið bent á möguleika ef foreldri vill kenna sér betur starfið hvert það á að leita.
- Tölvupóstar og fræðslufundir.
- T.d. á foreldrafundum eru foreldrum upplýst um uppeldis og menntastarfið á leikskólanum.
- Haldinn er kynningarfundur með foreldrum í byrjun skólaárs um starfsemi skólans en einnig má nálgast upplýsingar á heimasíðu skólans
- dettur ekkert í hug.
- Með heimasíðunni og pósti

- Þegar hún var að byrja var foreldrafundur þar sem það var farið vel yfir uppeldis- og menntastarf leikskólans.
- Anna borg er mjög dugleg að senda mail og segja manni hvað er að gerast sem er mjög gott.
- Upplýsingar á heimasíðu leikskólans eru mjög góðar, aðgengilegar og vel uppfærðar.
- Teymisfundir reglulega t.d.
- Það eru bæði fundir, heimasíða og tölvupóstur.
- Það eru alltaf tilkynningar með allt sem er í gangi á veggjum leikskólans og emailar sendir til manns með allt sem er í gangi,...
- Það eru reglulegir fundir og svo sendir Anna Borg út tölvupósta
- ,
- Leiksskólastjóri er mjög dugleg að senda email og segja frá starfinu á leikskólanum.
- Stöðugir tölvupóstar.
- Tölvupóstar sem nefna hvar hitt og þetta er á heimasíðunni. Er samt ekki nógu duglegur að fylgjast með.
- Starfsfólk er mjög duglegt að setja inn á heimasíðuna hvað þau eru búin að vera gera.
- Tölvupósturinn, fjölskyldusíðan þar fær maður að sjá verkin í myndum :)
- Þær fara yfir skipulagið á foreldrafundi á haustönn og svo eru upplýsingar öðru hvoru í tölvupósti.
- á foreldrafundum er talað um það og útskýrt

8. b) Ef leikskólinn upplýsir þig frekar eða mjög illa um uppeldis- og menntastarfið í leikskólanum getur þú bent stjórnendum á leiðir um það sem betur má fara í upplýsingamiðlun?

- Ekkert foreldraviðtal síðan að barnið byrjaði og ekkert viðtal á plani fyrr en á næsta skólaári. Væri gott að fá viðtal ca. 6 mánuðum eftir að barnið byrjar til að vita hvar það stendur. Starfsfólkið er allt af vilja gert til að upplýsa mann, en það er takmarkað sem hægt er að ræða með fullan sal af tveggja ára krílum.
- Kynningarfundur var um almennt starf í upphafi og síðar á fundum foreldrafélagsins. Meira mætti leggja upp úr því hvað er verið að gera með barninu mínu frá degi til dags, oft er litlar upplýsingar að fá eftir daginn aðrar en að "allt hafi gengið vel". Foreldrasamtöl mættu vera oft - á tveimur árum höfum við aðeins farið einu sinni í eiginlegt viðtal.
- í byrjun hvers annar getur maður sótt fundi um þetta, kanski getur maður sótt upplýsingar á heimasíðunni en finn það ekki í fljótu bragði t.d. fyrir 2013

9. a) Ef samskipti þín við starfsmenn leikskólans eru mjög eða frekar góð, getur þú nefnt dæmi um samskipti sem styður skoðun þína?

- leikskólakennarar almennt tilbúnir til að aðstoða foreldra með erindi, góð samskipti og upplýsingamiðlun almennt til fyrirmyndar
- Er uppfærð daglega um líðan barnsins og hegðun
- Starfsmenn eru hlýlegir í viðmóti og vilja allt fyrir mann gera. Eina sem ég gæti sett út á er að stundum reynist nokkuð erfitt að fá tíma til að ræða við starfsmenn án þess að það sé gert á hlaupum, en ég geri mér grein fyrir því að álagið er oft mikið og þá gefst lítil tími til þess að ræða málin
- Hlýlegt og gott viðmót, gefa sér tíma í að heilsa almennilega og kveðja almennilega sem skiptir okkur miklu máli, duglegar að upplýsa okkur um væntanlega atburði á leikskólanum
- Strákurinn minn er með samskiptabók sem þau skrifa í á hverjum degi! Þær gefa sér tíma til að spjalla smá við mann alltaf og þær koma oftast hlýlega og virðulega fram við mann.
- Þær segja mér allt sem gerist bæði gott og slæmt.
- Sumir starfsmenn eru sérlega hlýlegir í viðmóti en það mætti vera meira rætt við mann þegar leikskóladegi lýkur. Kveðja barnið því stundum finnst manni eins og varla sé tekið eftir því þótt barnið fari.

- Starfsmennirnir geta alltaf veitt upplýsingar um líðan barnsins í skólanum og leitast eftir því að finna svör við þeim spurningum sem þær geta ekki svarað.
Það er líka skemmtilegt hvað myndasíðan er oft uppfærð.
- eru duglegar að segja frá líðan barnsins og því hvað verið sé að gera í leikskólanum koma fram við mann með virðingu.
- Öll samskipti eru mjög góð en það mætti vera aukið frumkvæði af samskiptum frá starfsmönnum og meira upplýsingaflæði um hver er að sinna mínu barni...
- alltaf hægt að leita til starfsfólksins og spjalla um barnið þegar á þarf að halda.
- Er alltaf tekið við bros á vör ef einhverjar athugasemdir eru gerðar, ef spurningar brenna á manni er þeim svarað af gleði og áhuga og starfsfólkið er allt mjög samskipta-þægilegt.
- Sama og ég sagði að ofan, þær eru allar mjög liðlegar og alltaf með gott viðmót og tilbúnar að svara spurningum, gott að leita ráða hjá þeim osfrv.
- alltaf hægt að spjalla við starfsmenn
- Bara allt, er voðalega ánægð með samskiptin og alla starfsmenn leikskólans.
- Auðvelt að ræða hluti ef eitthvað er. Jákvætt viðmót.
- Gefa sér yfirleitt tíma til að hlusta á athugasemdir/fyrirspurnir okkar
- Engir árekstrar, gott viðmót, liðlegar ef breyta þarf vistunartíma einstöku sinnum.
- Mér finnst allir leiðbeinendurnir frábærir , jákvæðir og skemmtilegir
- Þær láta mann alltaf vita af öllum smáatriðum sem koma uppá hjá stráknum mínum, mér finnst það mjög þægilegt.
- Allt starfsfólk mjög jákvætt.
- Alltaf gott viðmót, bros og jákvæðni sem mætir manni en mér finnst svolítið þurfa að "draga" upplýsingar um daglegt starf upp úr starfsmönnum þegar sótt er. Það er þó betra á eldri deildinni en var á þeirri yngri.
- Starfsmenn leikskólans eru ávallt tilbúnir að hlusta á óskir foreldra og barna. Skrifstofa leikskólastjóra er alltaf opin og aðgengileg. Starfsmenn segja frá því sem var í gangi hjá barninu um daginn. Boðið er upp á kaffi tvo morgna í viku fyrir foreldra þannig að auðvelt er að mynda gott samband við starfsmennina sem og aðra foreldra.
- yfirleitt alltaf gott að tala við þær og koma skoðunum sínum á framfæri og þær duglegar að koma ábendingum til mín
- Það er bara alltaf mjög gott að tala við þær og spjöllum við alltaf um hvernig dagurinn hefur verið og er mjög gott að koma skoðunum sínum á framfæri við þær og eru þær alltaf virtar
- Samskiptin er fagleg og alúðleg.
- Ef upp koma mál þá er ríkur vilji til að leysa þau, það er kostur.
- Starfsfólk (Lundar) býður ekki góðan daginn, finnst oft að þær taki varla eftir að barnið er komið eða foreldra, er svolítið sinnulaust og þurrt viðmót, vantar hlýleika sama og í 4b.
- Mjög gott að spjalla við starfsmenn um líðan barnanna og taka vel á móti okkur og börnunum!
- We always good communication with staff.
- Þeim finnst greinilega öll börn skipta miklu máli og setja sig inni aðstæður hvers og eins. Held að flest sem við höfum beðið um sé gert frá A-Ö. Upplýsingarflæði til foreldra gott.
- Þau eru ágæt, mætu samt vera meiri samskipti og þá á ég við bara svona kurteisi tal.
- Bara allt svo heimilislegt og indælt manni er alveg sagt frá öllu sem upp kemur ja bara mjög gott.
- Auðvelt að leita til starfsfólks bæði á okkar deild og innan leikskólans og fá svör við spurningum varðandi barnið.
- Eru með samskipta bók t.d. með þeim einhverfa
- Já auðvelt að spyrja þær yfirleitt um hvernig hlutirnir hafa gengið og þær boðnar og búnar til að hjálpa ef eitthvað er.
- Eru vingjarnlegar og tilbúnar að tala við foreldra ef eitthvað bjátar á.

- Fæ alltaf að vita hvernig dagurinn var hjá barninu.
- Þær láta vita ef eitthvað er og eru alltaf tilbúnar að svara öllum spurningum. Eru líka jákvæðar í garð barnsins.
- Á frekar lítil samskipti við starfsfólkið þar sem ég sæki barnið ekki mjög oft, en þegar ég geri það er alltaf gott viðmót.
- Get oftast nær fengið að vita um líðan hjá barninu um daginn og fl.
- Þær bjóða uppá morgunkaffi og þannig er oft auðveldara að ræða líðan barnsins dag frá degi.

9. b) Ef samskiptin eru mjög eða frekar slæm, getur þú bent starfsmönnum leikskólans á atriði sem þeir geta lagfært til þess að bæta þau?

10. a) Ef þú ert mjög eða frekar ángæð(ur) með matinn, getur þú nefnt dæmi um hvað það er sem þú ert helst ánægð(ur) með?

- Góður kokkur
- mjög ánægð með lífræna stefnu og að börnum sé kennt að borða fjölbreyttan mat
- Lífrænt, mikið grænmeti og ávextir. Hollur og góður matur
- Anna er snilldarkokkur og maturinn hollur og góður.
- Mjög góður matseðill og barnið ánægt
- Hráefnin, kokkinn, ávaxta snörl og þetta er bara framúrskarandi matseðill hjá þeim. Náttúrulegt og bragðgott.
- Að þau reyna hafa hollan mat, sem er aðlaðandi fyrir börnum. Einnig að þau reyna að gera eins mikið og mögulegt er sjálf.
- Alltaf heimabakað brauð og hollur matur almennt
- Barnið talar um hversu góður matur er og vill kaupa matreiðslubók leikskólans
- Ég er ánægð með matinn dagsdaglega en mér þykir ekki ástæða til að bjóða börnum á yngstu deild kökur og sætindi þó það séu hátíðisdagar og væri mjög ánægð ef því væri sleppt og ávextir gefnir í staðinn.
- alur matur unnin frá grunni, mikið af grænmeti og ávöxtum og lítið af salti notað í matinn.
- Er mjög ánægð með að borinn er fram hollur og góður matur. Lítið um unnar matvörur og flest búið til á staðnum. Það þykir mér mjög jákvætt.
- hollur, góður og lítið unninn matur. búinn til frá grunni í eldhúsinu. lítið sem ekkert um brasaðan mat.
- Maturinn er framúrskarandi að öllu leyti og barnið hæstánægt. Hollusta, hráefnið til fyrirmyndar, alúð í eldamenskunni og greinilegt að börnin og heilsa þeirra er sett í fyrsta sætið! Fleiri leikskólar mættu taka sér matseðil, hráefnisnýtingu og matargerð Norðurbergs til fyrirmyndar! :)
- Hollur matur á leikskólanum
- Hollt mataræði og ferskt og nýbakað brauð.
- Mjög ánægð með að Anna kokkur er á svæðinu og eldra matinn frá grunni. Frábært að fá upplýsingar um innihald matarins á heimasíðu leikskólans. Tel þetta mjög til fyrirmyndar.
- Eldað frá grunni, lífrænt valið þegar hægt er, engin ofunnin hráefni. Almennt góður matur, nema lifrabuff
- Mikið grænmeti, flest allt unnið frá grunni, engar unnar kjötvörur. Mikið lagt upp úr góðum hráefnum og hollum mat.
- Skiptir mjög miklu máli hvað er sett ofan í barnið og stefnan í leikskólanum frábær hvað það varðar.
- Fisk, brauð, ávextir allt í boði þar þá er ég sátt.
- fjölbreytilegt
- Hollt, gott og virðist vera mjög fjölbreytt fæði - mín borðar allt og held ég að það sé mikið til leikskólanum að þakka.

- Almennt góður matur, bakað á staðnum og lítið af unnum kjötvörum.
- Hvað það er hollur og góður matur
- Er bara ánægð með allan matinn sem þarna er í boði
- Bara allt saman.
- Áherslu á hollt mataræði
- Ríkulegt af grænmeti og að unnin matvara sé í algjöru lágmarki.
- Ánægð með hvernig börnum með sérþarfir í mataræði er mætt.
- Hollur og fjölbreyttur matur.
- leggja áherslu á að elda frá grunni og virkar mjög hollt, gott og heimilislegt
- Mjög ánægð með allan þann mat sem er í boði á leikskólanum!
- Lífrænt og gott fæði. Mætti þó vera meira af venjulegu kjöti fyrir mitt persónalega leiti(Segir Pabbinn)
- Bara allt sem tengist matnum.
- Bara yfir höfuð mjög hollur og góður matur, og ávextirnir á morgnana hún talar mikið um það sem er mjög gott.
- Fiskur reglulega á boðstólum, sem og grænmeti. Lítið um mikið unnin mat.
- Mjög lífrænt og hollt fæði :)
- Ég er ánægð með að það sé alltaf leitast við að nota sem best hráefni og lífrænt alltaf þegar hægt er. Ég hef séð að maturinn er eins góður og mögulegt er og líka mjög fjölbreyttur sem gleður mig mikið. Og lítið notað af unnum mat mjög gott.
- Hollur, góður og girnilegur matur.
- Að maturinn sé að mestu leiti lífrænn er mjög gott. Góður matur enda borðar barnið mjög vel. Fjölbreytni í morgunmat er mjög gott. Og fá alltaf ferska og nýja ávexti á hverjum degi.
- Ekki unninn matur
- Fjölbreytni
- Er mjög sátt við heilbrigðan lífstíl sem er í leikskólanum. finnst allir leik og grunnskólar ættu að hafa svona hollan og góðan mat fyrir börnin
- Mikið eldað frá grunni og mikið af ávöxtum.
- Held að hann sé mjög góður, fylgist mjög lítið með matnum. Bara það sem barnið segir og það virðist í lagi.
- Þau elda allt frá grunni.
- Heimabakað brauð, hollur en góður matur. Mikið af nýjum fiski
- Ég er mjög ánægð með stefnu leikskólans þegar kemur að hádegismat. sbr. það sem stendur um kjöt og fiskval á heimsíðu skólans þ.e. ekkert unnið og það ferskasta sem er í boði. Einnig ánægð með að ávallt sé boðið upp á úrval grænmetis og ávaxta og að skólinn leggi sig fram við að velja grófar kornvörur fram yfir finar (bæði í pasta og hrísgrjónum) sem og baka sitt eigið brauð (framúrskarandi). Verð þó að benda á ákveðin tækifæri varðandi morgunmatinn. Þar er ekki almenn regla að bjóða upp á vatn með morgunmatnum sem mér finnst að ætti að vera ófrávikjanleg regla í ljósi þess hve vatn er okkur nauðsynlegur drykkur og heilsusamlegur. Ég sjálf og sonur minn getum átt í smá erfiðleikum með að klára morgunmatinn sé ekki boðið upp á vatn til að skola honum niður með og fyrir mitt leyti á borða ég minna og upplifi matinn ekki eins geðslegan. Ég mæli því sterklega með því að það verði gert að venju að bjóða upp á vatn með morgunmatnum, finnst það sjálfsagður réttur barnanna þar sem þau eru ekki öll jafn dugleg að óska eftir því sem þau þurfa sjálf.
- Er ánægð með þann mat sem boðið er uppá hollur og kjarngóður.

10. b) Ef þú ert mjög eða frekar óánægð(ur) með hollustu matarins, hvað er það helsta sem þarf að bæta?

- Það væri gott að hafa upplýsingatöflu á deildunum þar sem skrifað í stuttu máli hvað hefði verið gert þann daginn t.d. hvort farið var út, hvað var gert í hópastarfi og slíkt.
- Barnið mitt er skráð til 16.30 og er verulega svangt þegar ég er að sækja barnið á daginn. Verð alltaf að fara beinustu leið heim til að gefa því að borða.
- Finnst matseðill leikskólans svolítið einhæfur og miklar endurtekningar á milli vikna.

12. Eru önnur atriði sem þú vilt koma á framfæri við leikskólann eða rekstraraðila?

- Bara alveg hæstánægður með Önnu Borg og hennar fólk
- frábær leikskóli með frábæru starfsfólki enda sést það vel á því að foreldrar velja þennan leikskóla aftur og aftur fyrir yngri systkini og mikið af foreldrum sem voru sjálfir á þessum leikskóla.
- Það er farið að sjá soldið á húsnæðinu og þyrfti meira viðhald,
- Vinsamleg ábending: Stundum finnst mér að það megi vara sig á hvað fullorðna fólk ræðir um fyrir framan börnin t.d. í morgunkaffinu, þá eru auðvitað aðrir foreldrar líka en ekki endilega starfsmenn sem eru að rabba. T.d. finnst mér ekki að börnin eigi að hlusta á umræður um megrun/grenningarátök o.þ.h. þótt fullorðna fólk sé oft tíðrætt um það :) En þetta er auðvitað svipað og gerist við kaffiborðið á heimilunum en mikilvægt að hafa í huga. Þau heyra nefnilega auðvitað allt þótt þau sitji bara hljóð við hliðina á okkur.
- Allt við okkar leikskóla er uppá 10
- Bara yndislegur leikskóli í alla staði og þá sérstaklega kellarar á klettaborg :)
- Frábær í alla staði, alltaf svo gott að koma á morgnana, gott andrúmsloft og frábærir starfsmenn. Frábær í alla staði.
- Þið á Norðurbergi eruð algjörlega LANG flottastar og bestastar ;0) Er óendanlega þakklát fyrir að gullin mín séu hjá ykkur er SVO gott að þurfa aldrei að hafa áhyggjur af þeim ;0)
- Þegar ég mæti með barnið á morgnanna finnst mér starfsfólkið ekki gefa sér tíma í það að stoppa stutta stund í spjalli sín á milli og taka vel á móti barni og foreldri. Þetta er þó ekki algilt og á við suma starfsmenn en ekki aðra.
- Mér fannst frábærlega vel tekið á öllum málum frá 2ja ára aldri að 4 ára en þá byrjaði ánægja barnsins að dala á Lundi, eitthvað þarf að laga þar fylgjast þarf betur með börnunum hvernig þau leika sér saman og efla samstarf og að ekki sé verið að skilja útundan
- Ég er bara mjög sáttur við það starf sem er unnið þarna takk kærlega fyrir.
- Mætti ath bílastæði við Norðurberg og aðkeyrslu að bílastæði kanturinn er að eyðileggja bíla...
- Mér finnst alltaf best að ef það er vandamál þá á að tala við FORELDRANA.
- Eg er mjög ánægð en hef svo sem engan samanburð þekki bara nordurberg
- Mætti taka betur á móti barninu á morgnana þegar það kemur í skólann.

13. a) Ef fræðslan í umhverfismennt hefur skilað sér heim í breyttum lífsháttum fjölskyldunnar, getur þú nefnt dæmi?

- Tíni rusl, batterí í skilakassa, slökkva ljós osfrv.
- Hann er ennþá svo lítill
- Ekki skilað sér í breyttum lífsháttum fjölskyldunnar en við verðum vör við aukna vitund og þekkingu barnsins á umhverfinu sem er mjög jákvætt.
- Krakkarnir hafa meiri áhuga á að hjálpa til með endurvinnsluna og fús að fara í göngutúra. Það er auðveldara fyrir okkur að halda okkur við þann lífstíl því að það er líka lagt áherslu á þessu í skólanum.
- Á kannski ekki við vegna ungs aldurs barnsins. En finnum ávallt eitthvað sérstakt í endurvinnslu fötunum, svo sem bolta og dúkkur. Þannig að barnið er eitthvað að læra bara of ungt til að vinna úr því.

- Barnið talar um hverju má henda og vill flokka hlutina. Það er upplýstara um umhverfi sitt og náttúruna
- Við hugum sérstaklega betur að rafmagnsnotkun
- endurvinnsla
- Hér er farið í sorpu hálfsmánaðarlega með dósir sem fara í rauða krossinn og blöð.
- skolun á fernum og meira um flokkun. keypt græna tunnan fyrir heimilið.
- Barnið týnir upp rusl í göngutúrum, allir passa sig að henda ekki rusli í náttúruna. Endurvinnsla jákvæðari, áhugi fyrir ræktun á blómum
- Gerum svolítið það sama og áður þ.e. flokkum dagblöð, dósir o.þ.h. - má segja að fernurnar hafi komið sterkar inn eftir að barnið byrjaði á leikskólanum.
- Flokkun á rusli, rafmagnsnotkun
- Já hann er mikið að nefna fuglategundir og lönd.
- Við slökkvum ljósin frekar í þeim herbergjum sem ekki eru í notkun, skolum fernur og flokkum plast og pappír eftir að stelpan byrjaði á leikskólanum. Daglegt rusl minnkaði ekkert lítið við það!
- Við flokkum núna nánast allt sorp. Og það taka allir þátt í því á heimilinu.
- Flokkun á pappa, plasti og öðrum umbúðum er orðið að reglur
- Mikið rætt um fernuferðir á leikskólanum! Barnið ræðir mikið um umhverfið og finnst gaman að flokka með foreldrum sínum.
- Skammar foreldra ef við hendum pappír t.d.
- við sorterum ruslið betur
- sorterum ruslið, fernur og dagblöð

14. a) Ef þú ert mjög eða frekar ánægð/ur með útikennslu leikskólans getur þú nefnt dæmi um það sem þú ert sérstaklega ánægð/ur með?

- ekki hefur reynt mikið á þetta ennþá, er mjög spennt að sjá hvernig kemur til með að ganga
- þau fara út nánast daglega að leika
- Er ánægð með þegar þau fara í vettvangsferðir út fyrir lóð leikskólans og skoða umhverfið og fá örvun.
- ferðirnar og hvernig þetta er sett upp. Að þau fái góðan tíma úti, og líka að starfsfólkið finnst líka gott að vera úti.
- Náttúruskoðun og útikennsla
- Barnið lærir svo mikið og er ánægt í svona útikennslu
- Það er bara mjög skemmtilegt hvernig náttúran er notuð í starfinu og ómetanlegt að leikskólinn skuli vera í svona fallegu umhverfi
- frábært að leyfa börnunum að kynnast náttúrunni og nánasta umhverfi
- Ég tel að börnin hafi gott af því að fá kennslu um sitt nánasta umhverfi og hvernig á að ganga um. Gott að þau heyra það frá öðrum en foreldrum.
- náttúruskoðunina.
- Frábært hvernig umhverfisfræðsla, náttúra og leikur spilar saman. Barnið lærir að meta náttúruna og alla hennar dýrð en að sama skapi leika sér og njóta útiverunnar.
- fræðandi, gaman að elstu börnin fara stundum í lengri ferðir í útikennslu
- Náttúruskoðunarferðirnar
- þau fá að göslast, leika sér og vera sjálfum sér nóg.
- Fræðsla um árstíðarbreytingar t.d. hvers vegna tré fella lauf
- Honum finnst báturinn skemmtilegur og leika í hrauninu.
- Notalegt útsvæði, gróður sælt og náttúrulegt, eldstæðið og kofinn austanmegin alveg eðal.
- Er bara ánægð með alla úti veru og finnst mér alveg eintaklega frábært þegar það eru gerðir svona sérstakir hlutir úti eins og t.d. að gefa álfunum grautinn og poppa og allt svona.

- finnst bara allt sem þið gerið úti yndislegt og sérstaklega eitthvað sem er tengt álfunum og poppstundin ykkar úti í garði
- Skógarferðirnar eru frábærar og hraunferðirnar.
- Væri til að sjá útkennslu fast 1 dag í viku hjá 4 - 6 ára börnum
- Fernuferðirnar og leynistaðir t.d.!
- Sama og áðan. Ósnert náttúra. Fræðsla um árstíðir og moldun (kemur þó seinna hjá okkar barni)
- Að þau eru alltaf úti.
- Allar þessar ferðir í fjöruna og hitt og þetta bara mjög fjölbreytt og skemmtilegt sem er gert sambandi við útiveruna alltaf eitthvað skemmtilegt.
- Náttúruskoðunarferðirnar eru æði. Barnið hefur alltaf frá mörgu að segja eftir slíkar ferðir.
- bla...
- ánægð með að hann kann mikið af fuglanöfnum og blómanöfnum...frábært
- Barnið ráfar ekkert í burtu og heldur sig alltaf í sjónmáli þegar út er farið og þakka ég útikennsluni fyrir það
- Skemmtilegar ferðir utan leikskólasvæðis og nálgun við umhverfið.
- Fylgist bara ekkert með því þannig að ég veit það ekki.
- öll börn hafa gott af útiveru að einhverju marki.

14. b) Ef þú er frekar eða mjög óánægð/ur með útikennslu leikskólans getur þú nefnt dæmi um það sem betur má fara.

- Sama og bent var á hér að ofan varðandi leiksvæðið skortur á rólum og vegasalti og að annar helmingur leiksvæðis sá sem rennibrautin er á sé ekki nægilega vel nýttur fyrir börnin.
- Hann á það reyndar til að vera oft ein úti að leika, þegar hann kemur heim verður hann frekar súr því enginn vildi leika við hann úti. Kannski passa betur að allir séu að leika við eitthvern.

15. a) Ef þú ert frekar eða mjög ánægð/ur með skógarferðir elstu bananna getur þú nefnt dæmi um það sem þú ert sérstaklega ánægð/ur með?

- Á ekki barn á þessum aldri en líst mjög vel á þessar ferðir og hlakka til þegar mitt barn fær að njóta þeirra
- að þið gerið þetta... þau eru alltaf að spjalla um hvað gerðist, hvað þau sáu og eru spennt að fara.
- Allar ferðir í náttúrunni eru af hinu góða.
- Læra að bera virðingu fyrir umhverfinu umgangast það
- Það er ávallt dýrmætt að borgarbörnin fái að upplifa og læra á náttúru Íslands
- Þroskandi og skemmtilegt að fá að brjóta upp leikskólasterfið. góð leið til að kenna þeim að bera virðingu fyrir umhverfinu og læra en meira sjálfstæði
- nálægðina við náttúruna fá að borða á staðnum og eiða góðum tíma í að vinna með náttúrunni. fá svo góða leiðsögn starfsfólks um ýmsa hluti í skóginum.
- ...hef ekki átt barn sem fer í slíka ferð en finnst þessi hugmynd frábær.
- frábærar ferðir, passa bara að þeim fækki ekki.
- Ég á ekki barn sem fer í skógarferðirnar ennþá en líst mjög vel á þær og hlakka til að mitt barn fái að njóta þeirra.
- Góður undirbúningur fyrir grunnskóla
- Hef ekki skoðun á þessu þar sem minn er enn svo lítill.
- Ferðin í Heiðmörk var rosalega fín.
- Hljómar vel - höfum ekki tekið þátt í slíkri ferð ennþá
- þeim finnst þetta upplifun og skemmtilegt
- Útiveruna og þetta kveikir svo á ímyndunarafli og sjálfstæði.

- Börnin held ég í heild hafi mjög gaman að þessu mjög fræðandi og gott að fara með þau í þessar ferðir.og bara fræða þau um það sem gerist út í náttúrunni mjög gott.
- Bara nauðsynlegt að kynnast náttúrunni.
- Já eldri strákurinn minn talaði mest um þær af öllu sem hann gerði í leikskólanum, og greinilegt að þær stóðu uppúr.
- barnið virðir umhverfi sitt mjög vel
- Skemmtileg afþreying
- Ekkert sérstaklega nema spennandi ferðir. Er ekki með barn í þeim árgangi.
- Veit ekkert um það.
- Skemmtilegt fyrir börnin
- Ég held að öll börn hafi gott af því að vera í fjölbreyttu umhverfi. Og þar kemur skógurinn inn sem breytt umhverfi.

15. b) Ef þú ert frekar eða mjög óánægð/ur með skógarferðir elstu bananna getur þú nefnt dæmi um það sem þú ert sérstaklega óánægð/ur með?